

Ed.

15. Frumvarp til laga

[15. mál]

um breyting á skipulagslögum nr. 19 frá 21. maí 1964.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Öll sveitarfélög eru skipulagsskyld. Allar byggingar ofanjarðar og neðan og önnur mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins aðrar en byggingar á lögbýlum, skulu byggð í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt, sem samþykktur hefur verið af hlutaðeigandi sveitarstjórn og skipulagsstjórn ríkisins.

Gera skal skipulagsuppdrætti af öllum þéttbýlisstöðum, þar sem búa 50 manns eða fleiri eða þar sem ætla má að mati skipulagsstjórnar, að þéttbýli rísi.

Þegar sótt er um leyfi til byggingar á lögbýlum, skal fylgja leyfisumsókn til byggingarnefndar auk byggingaruppdráttar afstöðuuppdráttur, þar sem sýndar eru byggingar, sem fyrir eru og bygging sú, sem sótt er um leyfi til að byggja. Á afstöðu-

uppdrætti skal ennfremur sýna veg að býlinu og tengingu hans við þjóðveg. Þá skulu ennfremur sýndar vatnslagnir og holræsalagnir að og frá býli.

Ráðherra getur að fengnum tillögum skipulagsstjórnar látið gera drög að héraða- og landshlutaskipulagi.

2. gr.

5. gr. 2. mgr. laganna orðist svo:

Nú er skipulagsuppdráttur ekki fyrir hendi af sveitarfélagi eða af hluta þess sbr. 4. gr. eða af skipulagsskyldum stað og getur þá sveitarstjórn (byggingarnefnd) að fengnum meðmælum skipulagsstjórnar, leyft einstakar byggingarframkvæmdir, sem um kann að verða sótt. Leyfi fyrir slíkum byggingum getur sveitarstjórn bundið tilteknum skilyrðum sbr. 2. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 4. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 21. maí 1973 skipaði háverandi félagsmálaráðherra, Hannibal Valdimars-son, nefnd til að endurskoða gildandi lög um byggingarmálefni og semja frumvarp til byggingarlaga, sem giltu fyrir landið allt. Þá fól ráðherra nefndinni að gera til-
lögur um breytingar á skipulagslögum, ef hún teldi slíkt nauðsynlegt.

Byggingarlaganefndin hefur nú lokið samningu frumvarps til byggingarlaga. Í samræmi við ákvæði þess og samkvæmt heimild í skipunarbréfi taldi nefndin óumflýjanlegt að gera þá breytingu á skipulagslögum nr. 19/1964, að gildissvið skipu-
lagslaga vrði rýmkað og ná til alls landsins, þannig að allar byggingar og önnur mannvirki hvar sem er á landinu skuli byggð í samræmi við áður gerðan skipulags-
uppdrátt, sem samþykktur hefur verið af sveitarstjórn og skipulagsstjórn.

Skv. gildandi skipulagslögum nr. 19/1964, 4. gr. 1. mgr. nær skipulagsskvíða til héttbýlisstaða, þar sem húa 100 íbúar eða fleiri. Meðal þeirra mannvirkja, sem þennig mundu lúta ákvæðum skipulagslaga, eru mannvirki, sem undanþegin verða ákvæðum byggingarlaga skv. 1. gr. frv. til byggingarlaga, s. s. götur og vegir, dreifi-
kerfi ýmiskonar, hafnarmannvirki og virkjanir.

Skv. 1. gr. frv. er þó sú undantekning gerð, að byggingar á lögbýlum í sveitum verða ekki háðar hinum almennu ákvæðum skipulagslaga um, að þær verði byggðar í samræmi við áður gerða og samþykktu heildarskipulagsuppdrætti. Hinsvegar er á-
skilið í 3. mgr. 1. gr., að umsókn um leyfi til byggingar á lögbýlum skuli fylgja auk byggingaruppdráttu afstöðuuppdráttur, þar sem sýndar eru bæði byggingar, sem fyrir eru og bygging sú, sem sótt er um leyfi til að byggja. Ennfremur skal sýna veg að býlinu og tengingu hans við þjóðveg, svo og vatnslagnir og holræsalagnir.

Skv. 2. mgr. 1. gr. er skvlt að gera skipulagsuppdrætti af héttbýlisstöðum, þar sem húa 50 manns eða fleiri eða þar sem ætla má, að héttbýli rísi.

Sé slíkur uppdráttur ekki fyrir hendi, getur byggingarnefnd (sveitarstjórn) hó með samþykki skipulagsstjórnar leyft einstakar byggingarframkvæmdir með skil-
yrðum skv. 2. gr.

Á hinum Norðurlöndunum eru lög um byggingarmálefni og skipulagsmál (bygg-
ingarskipulag) yfirleitt í einum og sama lagabálki. Nefndin taldi ástæðulaust, að
sá bálkur yrði unn tekinn hér, enda eru skipulagslögin tiltölulega ung að árum og
nefndinni var ekki heinlínis falið í skipunarbréfi sínu að hafa þann hátt á.

Ákvæðið um undanþágu bygginga á lögbýlum frá skipulagsskvíðu, þ. e. að fyrir hendi þurfi að vera samþykktur skipulagsuppdráttur af byggingum á lögbýlum, er í samræmi við þá skipan, sem á er höfð víða erlendis t. d. í Noregi og Svíþjóð.

Ákvæði 4. mgr. 1. gr. um héraða- og landshlutaskipulag er óbreytt, frá því sem nú er í skipulagslögum.